

## **27. fundur í Framkvæmdastjórn Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á skrifstofu SASS 18. maí 1995. kl. 10.00**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorvarður Hjaltason, Lárus Blöndal og Hannes Gíslason.

Formaður, Karl Björnsson, setti fund.

### **DAGSKRÁ:**

**1. Eigendur Auðsholts ásamt Lárusi Blöndal mættu á fundinn vegna bótakröfu á hendur Sorpstöðvar Suðurlands.**

Karl Björnsson lagði fram tillögu um meðferð málsins.

Ekki náðist samkomulag en stefnt er að fundi með lögmönnum aðila innan hálf mánaðar.

**2. Umsóknir um aðild að Sorpstöð Suðurlands frá Grafningshreppi, dags. 10.05.95., og Grímsneshreppi, dags. 08.05.95.**

Samþykkt að veita þessum sveitarfélögum aðild frá og með júní 1995 með þeim fyrirvara að þau greiði samkvæmt núverandi fyrirkomulagi til ársloka.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi og einnig samningi við Hrunamannahrepp á sömu forsendum.

**3. Erindi frá Mýrdalshreppi, dags. 25.04.95., þar sem óskað er eftir viðskiptum við Sorpstöð Suðurlands.**

Samþykkt að verða við þessu erindi, tekið verður við sorpi frá Mýrdalshreppi frá þeim tíma sem nýtt sorpurðunarsvæði verður tekið í notkun. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Mýrdalshrepp.

**4. Sorpurðunargjald fyrir sumarbústaði.**

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson gerði grein fyrir hugmyndum að gjaldskrá fyrir sumarbústaði.

Ákveðið að kanna málið frekar og afla upplýsinga um gjaldskrár annarra sorpstöðva.

**5. Opnun sorpurðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu.**

Ákveðið að formleg opnun fari fram föstudaginn 9. júní kl. 17.00.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa opnunina.

## 6. Önnur mál.

- a) Þorvarður kynnti að bílavog 7,8 m. að lengd hefði verið pöntuð hjá Íslux hf.
- b) Þorvarður gerði grein fyrir tillögu að texta á skilti sem sett verður upp við sörpurðunarsvæðið í Kirkjuferjuháleigu.  
Fram komu ábendingar um breytt orðalag.
- c) Formanni, framkvæmdastjóra og Verkfræðistofu Suðurlands falið að framkvæma ákvæði samkomulags við ábúanda Bræðrabóls í Ölfusi.

Fundi slitið kl. 12.30.

Þorvarður Hjaltason.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.